

## REGLUGERÐ

148

10. okt.

### um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað.

#### 1. gr.

Til bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, og lögum nr. 29 4. febr. 1952, af öllum fasteignum innan kaupstaðarins eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

#### 2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 6%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum 3%.
3. Af túnnum, gördum, reitum, erfðafestaloðnum og öðrum lóðum og lendum 2%.

#### 3. gr.

Undanþegnar skatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

#### 4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 100.00 greiðist enginn skattur.

#### 5. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiði ábúandi eða leigjandi skattinn.

#### 6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 1. apríl ár hvert, en í fyrsta sinn 1. nóvember 1956. Skattinn ber að greiða til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu innan tveggja mánaða eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

#### 7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

#### 8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29. 4. febr. 1952, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkv. 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við núgildandi fasteignamat.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1956.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*